

Fundargerð 60. aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) haldinn á Fáskrúðsfirði 20. mars 2026

Dagskrá fundarins var á vefnum ásamt viðeigandi gögnum á meðan fundinum stóð.

1) Setning aðalfundar, skipun fundarstjóra og ritara

Berglind Harpa Svavarsdóttir, formaður SSA, setti aðalfundinn kl. 10 og bauð fundarmenn og gesti velkomna á 60. aðalfund SSA. Hún bar upp tillögu um Jón Björn Hákonarson sem fundarstjóra og Þórð Vilberg Guðmundsson og Gunnar Jónsson sem fundarritara. Tillagan samþykkt samhljóða.

Jón Björn tók við stjórn fundarins og fór yfir dagskrá og staðfesti lögmati hans.

Fundarstjóri staðfesti því næst kjörbréf og sagði mætingu kjörinna fulltrúa vera í samræmi við kjörbréfin sem bárust fyrir fundinn.

Fljótshreppur: 3 mættir fulltrúar með samtals 115 atkvæði

Múlaþing: 8 mættir fulltrúar með samtals 5228 atkvæði

Fjarðabyggð: 9 mættir fulltrúar með samtals 5235 atkvæði

Vopnafjarðarhreppur: 3 mættir fulltrúar með samtals 633 atkvæði

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að við fundarsetninguna væru átta fulltrúar Múlaþings mættir en einn fulltrúi hefði tafist. Sá fulltrúi mætti síðar til fundar og tók þátt í atkvæðagreiðslu um breytingar á samþykktum.

2) Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri bauð formann SSA að kynna skýrslu stjórnar.

Formaður fór yfir helstu verkefni og viðfangsefni sambandsins frá síðasta aðalfundi. Hún minnti á að árið 2026 markaði 60 ára afmæli Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, sem var stofnað árið 1966 á grunni fyrra samstarfs sveitarfélaga í fjórðungnum. Frá upphafi hefur hlutverk sambandsins verið að standa vörð um sameiginlega hagsmuni landshlutans og vinna að auknum jöfnuði til búsetu milli landshluta.

Fram kom að við stofnun sambandsins hefðu 35 sveitarfélög tekið þátt í starfinu en í dag væru þau fjögur. Núverandi stjórn SSA var kjörin árið 2024 og situr fram yfir sveitarstjórnarkosningar 2026. Stjórnin starfar í nánú samstarfi við Austurbrú þar sem dagleg verkefni eru unnin af starfsfólki undir forystu framkvæmdastjóra. Í byrjun árs tók Bryndís Fiona Ford við starfi framkvæmdastjóra Austurbrúar og SSA af Dagmari Ýr Stefánsdóttur.

Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir átta stjórnarfundir og alls ellefu fundir á árinu 2025, bæði staðfundir og fjarfundir. Á fundum stjórnar hafa samgöngumál og uppbygging innviða verið fyrirferðarmikil, auk umræðu um fjarskipti, tekjustofna sveitarfélaga og fjárlagagerð ríkisins. Einnig hefur verið unnið að endurskoðun samþykta SSA í framhaldi af ákvörðun síðasta aðalfundar.

Formaður gerði grein fyrir helstu niðurstöðum haustþings SSA sem haldið var á Vopnafirði í september. Þar voru samþykktar ályktanir um samgöngur, fjarskipti, flugsamgöngur, orkumál og tekjustofna sveitarfélaga. Þá var lögð áhersla á jafnt aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu og menntun óháð búsetu, lýst yfir áhyggjum af hækandi fargjöldum í flugi og mótmælt bílastæðagjaldi á Egilsstaðaflugvelli.

Formaður fjallaði einnig um samgönguáætlun 2026–2040 og sagði stjórn SSA hafa lýst verulegum vonbrigðum með stöðu Austurlands í drögum að áætluninni þar sem ekki væri gert ráð fyrir stórum framkvæmdum í landshlutanum á fyrsta tímabili hennar. Haustþing SSA hefði jafnframt ítrekað kröfu um hringtengingu Austurlands með jarðgöngum og úrbætur á Suðurfjarðavegi og Öxi í samræmi við Svæðisskipulag Austurlands.

Þá var greint frá uppfærðri efnahagsgreiningu Analytica fyrir SSA sem kom út í desember 2025 og nær til árána 2022–2024. Niðurstöður hennar sýna að þrátt fyrir að aðeins um 2,9% landsmanna búi á Austurlandi standi landshlutinn undir um fjórðungi af heildarvöruútflutningi landsins. Í því samhengi var bent á mikilvægi þess að uppbygging samgöngu-, orku- og fjarskiptainnviða haldi í við þá verðmætasköpun sem á sér stað í landshlutanum.

Formaður fór einnig yfir starfsemi Uppbyggingarsjóðs Austurlands en í desember 2025 var tæplega 60 milljónum króna úthlutað til 57 verkefna. Við sama tækifæri var undirritaður nýr menningarsamningur við ríkið sem tryggir áframhaldandi stuðning við menningarmiðstöðvar landshlutans.

Þá var fjallað um áhersluverkefni SSA sem byggja á Sóknaráætlun Austurlands 2025–2029, meðal annars verkefni á borð við Matarauð Austurlands, Sýnileika Austurlands, verkefni á sviði menningar eins og barnamenningarhátíðina BRAS og verkefni sem snúa að umhverfismálum og farsæld barna og fjölskyldna.

Fram kom að á árinu 2026 yrði einnig ráðist í ný verkefni, meðal annars um málefni eldri íbúa á Austurlandi í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Austurlands og sveitarfélögin í fjórðungnum. Þá væri jafnframt unnið að undirbúningi flugráðstefnu um tækifæri í alþjóðaflugi á Egilsstaðaflugvelli.

Í lok ræðu sinnar þakkaði formaður fyrir samstarfið á tímabilinu en sveitarstjórnarkosningar væru framundan og í kjölfarið tæki ný stjórn við störfum SSA.

3) Kynning á fjárhagslegum málefnum (sbr. 10. grein samþykta SSA)

a) Ársreikningur

Fundarstjóri bauð Ingimar Guðmundsson, verkefnastjóra hjá KPMG, að kynna ársreikning SSA fyrir árið 2025 og fór hann yfir helstu niðurstöður hans. Rekstrarafgangur ársins 2025 er tæpar 16 milljónir. Eigið fé og skuldir eru tæpar 509 milljónir, skuldir eru rúmar 370 milljónir og eigið fé er um 139 milljónir. Handbært fé í árslok er rúmlega 477 milljónir.

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	Áætlun 2025	2024
Rekstrartekjur:				
Framlög sveitarfélaga		41.962.353	41.962.350	40.556.673
Önnur rekstrarframlög		234.134.133	237.745.500	228.785.535
	1b	<u>276.096.486</u>	<u>279.707.850</u>	<u>269.342.208</u>
Rekstrargjöld:				
Verkefnastjórn, nefndarlaun og greiðslur til Brúar lífeyrissjóðs		25.356.754	27.575.840	26.066.721
Lífeyrisskuldbinding, breyting	5	17.339.128	14.000.000	11.013.143
Annar stjórnunarkostnaður		7.252.925	6.900.000	4.818.694
Funda- og ferðakostnaður		4.375.692	5.500.000	5.653.468
Sérverkefni, beinn kostnaður		226.975.880	224.381.975	215.973.322
	1c	<u>281.300.379</u>	<u>278.357.815</u>	<u>263.525.348</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	(5.203.893)	1.350.035	5.816.860
Vaxtatekjur		20.943.013	17.500.000	23.233.512
Niðurfærsla eignarluta		0	0	(665.000)
Vaxtagjöld	(11.152)	0	(600.690)
		<u>20.931.861</u>	<u>17.500.000</u>	<u>21.967.822</u>
Rekstrarafgangur	4	<u>15.727.968</u>	<u>18.850.035</u>	<u>27.784.682</u>



Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir		Skýr.	2025	2024
Fastafjármunir:				
Áhættufjármunir:				
Fyrirframgreiddur kostnaður	2	3.674.282	3.867.389	
		<u>3.674.282</u>	<u>3.867.389</u>	
	Fastafjármunir	<u>3.674.282</u>	<u>3.867.389</u>	
Veltufjármunir:				
Skammtímakröfur:				
Krafa vegna lögbanns	9	7.000.000	7.000.000	
Fyrirframgreiddur kostnaður	2	193.107	193.107	
Aðrar skammtímakröfur	3	21.333.895	14.477.238	
Handbært fé.....	1e	477.223.435	451.445.485	
	Veltufjármunir	<u>505.750.437</u>	<u>473.115.830</u>	
	Eignir samtals	<u>509.424.719</u>	<u>476.983.219</u>	
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé:				
Eiginfjárreikningur	4	138.920.327	123.192.359	
Skuldbindingar:				
Lífeyrisskuldbinding	5	124.443.701	116.816.036	
Skuldbinding SvAust ehf.	6	26.490.111	26.252.211	
Aðrar skuldbindingar vegna vörslusjóða	7	5.720.061	0	
		<u>156.653.873</u>	<u>143.068.247</u>	
Skammtímaskuldir:				
Fyrirframmheimtar tekjur	8	56.236.573	56.236.573	
Ógreiddur rekstrarkostnaður		126.892.446	130.903.540	
Ógreitt vegna uppbyggingarsjóðs		30.721.500	23.582.500	
		<u>213.850.519</u>	<u>210.722.613</u>	
	Skuldir samtals	<u>370.504.392</u>	<u>353.790.860</u>	
	Eigið fé og skuldir samtals	<u>509.424.719</u>	<u>476.983.219</u>	

Ragnar Sigurðsson: Fyrirspurn varðandi hækkun árgjalda og hvort tillaga að hækkun þeirra sé til að mæta halla á rekstri.

Jón Björn Hákonarson: Lagði áherslu á að fylgjast vel með rekstri byggðasamlaga. Áður hefur verið gengið í gegnum erfiða tíma í rekstri byggðasamlaga og það má ekki verða aftur. Byggðasamlög eiga ekki að vera rekinn í halla og ekki í gróða og fylgjast þarf vel með rekstri þeirra og þeim verkefnum sem þau sinna.

d) Afgreiðsla tillagna fjárhagsnefndar

- Ársreikningur SSA 2025 var borinn upp og samþykktur samhljóða.
- Því næst var endurskoðuð fjárhagsáætlun 2026 borin upp og samþykktur með megin þorra atkvæða
- Því næst var fjárhagsáætlun 2027 borin upp og samþykkt með megin þorra atkvæða
- Að lokum var tillaga að árgjöldum 2027 borin upp og samþykkt með megin þorra atkvæða

e) Könnun ársreiknings

Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirkomulag í tengslum við könnun ársreiknings. Í máli hennar kom fram að ársreikningur SSA var afgreiddur og undirritaður af stjórn sambandsins og endurskoðanda þann 20. febrúar. Ársreikningurinn var kannaður af KPMG með sambærilegum hætti og undanfarin ár.

4) Tillögur um breytingar á samþykktum SSA

Fundarstjóri kynnti liðinn en fyrir fundinum liggja þrjár tillögur að breytingum á samþykktum SSA. Fundarstjóri kynnti tvær fyrstu tillögurnar og gerði grein fyrir helstu markmiðum þeirra, sem meðal annars miða að því að skýra stjórnskipan sambandsins og aðlaga hana breyttum aðstæðum í samstarfi sveitarfélaganna á Austurlandi, með því að veita Fljótsdalshreppi aðalmann í stjórn SSA. Tillögurnar fólust í því að fulltrúi Fljótsdalshrepps bættist við í stjórn (5. gr.) en að bætt verði við nokkurskonar *neyðarhnapp* inn í samþykktir SSA (6. gr.).

Að því loknu bað fundarstjóri **Ragnar Sigurðsson**, bæjarfulltrúa í Fjarðabyggð, að koma og kynna tillögu sína að breytingum á samþykktum SSA. Tillagan snýr að skipan stjórnar og fyrirkomulagi atkvæðavægis sveitarfélaga innan sambandsins. Ragnar fór yfir tillögu sína sem hefði það að markmiði að öll sveitarfélög sætu við sama borð, hvert með einn fulltrúa en atkvæðavægi byggt á íbúatölu sveitarfélagsins. Hver fulltrúi ætti að sitja í umboði sveitarstjórnar, ekki flokks eða meiri/minnihluta. (5. gr.). Hann lagði til að ákvæði um að fastanefndir vinni á milli haustþinga yrði fellt út (3. gr.) sem þýði þó ekki að nefndir mættu ekki starfa ef vilji standi til. Hvað varðaði framlög í SSA, myndu sveitarfélög greiða það sem hann kallaði raunverulegt framlag; grunnframlag og að auki framlag byggt á hlutfalli skatttekna og framlaga úr jöfnunarsjóði (10. gr.)

Berglind Harpa Svavarsdóttir fékk því næst orðið og fór yfir hinar tvær tillögurnar að breytingum á samþykktum SSA sem fyrir liggja. Fyrri tillagan kvað á um að hverjum einum fulltrúa í stjórn, eða hugsanlega tveimur saman, sé gert heimilt að vísa máli sem liggur fyrir stjórn, til afgreiðslu fulltrúafundar. Þannig sé málinu kippt af borði stjórnar og atkvæði verði svo greidd um það á fulltrúafundi þar sem atkvæðavægi tekur mið af íbúafjölda sveitarfélaga. Seinni tillagan, sem stjórn SSA studdi, kvað á um að einum eða fleirum fulltrúum í stjórn, sé gert heimilt að krefjast þess að við atkvæðagreiðslu innan stjórnar gildi samskonar regla um atkvæðavægi og gildir á fulltrúafundum

Allar breytingatillögurnar má finna sem fundargögn á vef Austurbrúar.

Fundarstjóri opnaði því næst fyrir umræður um tillögurnar.

Ragnar Sigurðsson: Vildi skerpa á því að hans tillaga mæti því að öll sveitarfélög á svæðinu eigi atkvæðarétt í stjórn. Öll sveitarfélög eigi þannig einn fulltrúa í stjórn.

Jóhann Fr. Þórhallsson: Lýsir ánægju sinni við þá vinnu sem lögð hefur verið í tillögurnar og að þær mæti þeirri kröfu Fljótisdælinga að hafa atkvæðissrétt í stjórn. Hans skilningur hefur verið sá að núverandi stjórn hefði verið sammála um að styðja tillögu 2 og mun hann styðja hana.

Pröstur Jónsson: Styður tillögu Ragnars. SSA á að vera með skýrt umboð frá sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna, þar fer stefnumörkunin fram. Það þarf ekki tvo fulltrúa frá stóru sveitarfélagunum til að ná því fram í stjórn. Auk þess segir ársreikningurinn það að hagræðingar sé þörf, og því mæti tillaga Ragnars.

Helgi Hlynur Ásgrímsson: Er ekki sammála Ragnari. Það sé mýta að stjórn SSA sé alltaf sammála. Fulltrúar úr sama sveitarfélagi þurfa ekki endilega að vera sammála, og mikilvægt að stjórn geti endurspeglad það. Varðandi hagræðingu sem tillaga Ragnars byggir á, þá mætti frekar ná henni fram með lækkun stjórnarlauna.

Berglind Harpa Svavarsdóttir: Gerir ekki lítið úr þeirri hagræðingu sem tillaga Ragnars felur í sér. Stjórn SSA er mikilvæg, og þar fer fram mikið starf, og því er mikilvægt að gera ekki of miklar breytingar í einu. Ekki á að fækka höndum nú þegar fyrir liggur að mikil vinna er framundan. Vinna stjórnar er ekki eingöngu bundin við fundi, heldur er mikil vinna stjórnarmanna á milli funda.

Ásrún Mjöll Stefánsdóttir: Mikilvægt að tryggt sé að ólík sjónarmið komist að í umræðum í stjórn SSA og því sé fækkun fulltrúa ekki fýsilegur kostur.

Ragnar Sigurðsson: Tillaga 3 gengur út á að mál séu útkljáð heima sveitarstjórnnum og fulltrúar í stjórn endurspegli þannig þá stefnumörkun sem sveitarstjórnirnar vinna.



Helgi Gíslason: Tekur undir málflutning Ragnars. Stjórn og skipan hennar á að vera fyrirmynd þegar kemur að hagræðingu í rekstri.

Pröstur Jónsson: Ef vinnuálag er mikið í stjórn SSA er eitthvað skakkt. SSA er umboðssamtök en fer ekki með eiginleg völd. Vinnan á ekki að vera unnin á þeim vettvangi heldur er valdið í höndum sveitarfélaganna og þar eiga átökin og vinnan að vera en ekki í stjórn SSA.

Berglind Harpa Svavarsdóttir: Vildi leggja á það áherslu á að tillaga 2 fjallar ekki um að fjölga í stjórninni.

Eyþór Stefánsson: Vill að stjórn SSA endurspegli pólitískt litróf á hverjum tíma. Tillaga Ragnars fellur illa að því. Hún gerir SSA hálf tilgangslaust apparat. Ekki er hægt að henda út tillögum sem stjórn SSA hefur verið sammála um og samþykka tillögu Ragnars sem er mikil stefnubreyting sem þarfnast meiri umræðu.

Jón Björn Hákonarson: Áður var mikið þúsluspil að koma saman stjórn SSA, sveitarfélögum voru mörg og 5 manna stjórn SSA þurfti að endurspeglar það litróf, en ekki endilega pólitískt landslag á hverjum stað. Síðan 2002 hefur sveitarfélögum fækkað, og því er ekki óeðlilegt að horfa þurfi til þess þegar kemur að stjórn SSA. Pólitísk stefnumörkun fer ekki fram í stjórn SSA, heldur á hún að fara fram á vettvangi sveitarstjórnanna sjálfra.

Helgi Hlynur Ásgrímsson: Ef á að fækka fulltrúum verður að taka afstöðu til mála einstakra sveitarfélaga, sem ágreiningur er um. Ef á að fara þessa leið þarf að endurskoða hlutverk stjórnar SSA.

Að loknum umræðum var gengið til kosninga um tillögurnar.

Bar fundarstjóri tillögu Ragnars fyrst um til atkvæða, enda gengur hún lengst.

Samþykkir: 3.965

Á móti: 6.074

Sitja hjá: 1.172

Tillaga Ragnars var því felld.

Því næst var kosið um svokallaða fyrri tillögu stjórnar SSA.

Tillagan var felld með meginþorra atkvæða.

Að lokum var kosið um síðari tillögu stjórnar SSA

Samþykkir: 7721

Á móti: 2908

Sitja hjá: 582



Síðari tillaga stjórnar var því samþykkt.

5) Niðurstöður nefnda sem stjórn hefur skipað fyrir aðalfund

Á ekki við.

6) Kjör stjórnar

Á ekki við.

7) Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundarstjóri fól formanni að slíta fundi. Formaður SSA þakkaði fyrir góðan fund og var honum slitið klukkan 12:10.

Undirritunarsíða

Jón Björn Hákonarson

Þórður Vilberg Guðmundsson

Gunnar Jónsson

Berglind Harpa Svavarsdóttir